

**Mál nr. 505/2011**  
**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar útgerðar.**

**Starfsmaður skipaviðgerðarverkstæðis slasaðist um borð í fiskiskipinu hinn 27.5.2010.**

**Gögn.**

196. Málskot, móttakið 13.12.2011, ásamt fylgigögnum.

197. Bréf X, dags. 28.12.2011.

**Málsatvik.**

M, sem var starfsmaður S, vann við viðgerð á brunndælu um borð í fiskiskipinu F sem gert er út af V. Skyndilega fór dælan í gang með þeim afleiðingum að vinstri handleggur M festist í dælunni og hlaut hann alvarlega áverka á handleggnum. Í umrætt sinn voru margir iðnaðarmenn að störfum um borð í F, þ. á m. M ásamt fleiri starfsmönnum S. Samkvæmt gögnum málsins mun yfirvélstjóri F og annar starfsmaður V hafa fengið M og annan samstarfsmann hans til að taka upp brunndæluna og skipta um dæluhjól í henni. Yfirvélstjórinn hafi ætlað að slá út dælunni enda, eins og haft er eftir honum í lögregluskýrslu, „hafi hann ekki haft fullkomna yfirsýn yfir það sem verið var að gera í hvert sinn enda verkefnalistinn langur.“ Ekki liggur fyrir með vissu hvers vegna dælan fór í gang, en yfirvélstjórinn taldi helst að flotrofi hafi valdið því þegar mikið vatn hafi verið komið í brunninn sem hún var í, en rofinn hafi verið stilltur á „auto“ þegar hann kom að.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur viðurkennt bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að M verði að bera sjálfur 1/3 tjónsins þar sem hann hafi af stórkostlegu gáleysi verið meðvaldur að því.

**Álit.**

Óumdeilt er með aðilum að M hafi orðið fyrir líkamstjóninu í starfi og að réttur hans til bóta skerðist því ekki vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð, sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim.

Starfsmaður V hafði tekið að sér að slá út dælunni en vegna annríkis hafði hann ekki komið því í verk áður en slysið varð. Ber V ábyrgð á líkamstjóni M sökum þess að það fórst fyrir hjá starfsmanninum að slá út dælunni. Þótt M hafi mátt reiða sig á að búið hafi verið að slá út dælunni má virða það honum til nokkurs gáleysis að hafa ekki gengið sjálfur úr skugga um að svo hafi verið, en slyshætta virðist hafa verið augljós við það að dælan fór í gang meðan M vann að viðgerð á henni. Á hinn bóginn þykir ekki hafa verið sýnt fram á með nægilega skýrum hætti að gáleysi hans verði virt honum til stórkostlegs gáleysis. Eru því ekki skilyrði að lögum til að skerða bótarétt hans. Hann á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.